

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

JÚLÍ 2015



7. tbl. 18. árg.

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustan**

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!



Þessar þrjá stúlkur léku tónlist fyrir vegfarendur á Laugaveginum síðast liðinn föstudag. Götutónlist er nýlegt fyrirbæri hér á landi en hér njóta stúlkurnar sem skipa tríó þess að Laugavegurinn er Sumargata – það er að vera göngugata á sumrin. Margir stöldruðu við til að hlíða á flutning þeirra.

**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

græn heilsa
lífræn heilsuverslun

— Ægisíða 121 —
facebook.com/grænheilsa

Í ALFARALEIÐ

20 ára afmæli
SAMVEPPI Í BÍLASKOÐUN

Aðalskoðun

Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930

Getur gamli hafnargarðururinn tafið framkvæmdir á Austurbakka?

Gamall og mjög heillegur hafnargarður hefur komið í ljós við uppgröft við Austurbakka við Reykjavíkurhöfn þar sem Landstólpi þróunarfélag hyggst ráðast í stærsta byggingarverkefni sem fram til þessa verður ráðist í á Miðborgarsvæðinu. Samkvæmt deiliskipulagi má byggja húsnaði á reitum eitt og tvö við Austurbakka allt að 21.400 fermetra ofanjarðar auk bílakjallara. Svo virðist

sem ekki hafi verið vitað um tilvist hafnargarðsins við gerð deiliskipulags svæðisins eða við ákvarðanatöku bygginga-fulltrúa og forsvarsmanna þróunarfélagsins.

Eftir að gröftur var hafin með vinnuvélum á hinu fyrirhugaða byggingarsvæði kom garðurinn í ljós og athygli vakti hversu langur og heillegur hann er. Spurningar hafa vaknað hvort Minjastofnun muni leggja til að varðveita eigi

garðinn eða hluta af honum. Pétur Ármannsson arkitekt og sviðsstjóri Minjastofnunar hefur lýst vilja til þess hluti af hafnargarðinum verði varðveittur í borgarumhverfinu og að betra hefði verið að rannsaka svæðið áður en bundnir voru samningar um að fara í umfangsmiklar byggingaframkvæmdir. Leyfi þurfi frá Minjastofnun til þess að breyta honum eða fjarlægja hluta af honum eða garðinn með öllu. En

kemur þessu fundur til þess að breyta áformum um bygginguna á Austurbakka. Óf snemmt er að segja til um það þar sem viðræður við Minjastofnun eiga eftir að fara fram og ákvörðun hennar liggur ekki fyrir. Pétur Ármannsson telur að þar sem búið sé að ganga frá samningum um framkvæmdir á svæðinu geti fundur garðsins skapað vandræðaástand. Líkur er til að varðveita verði að minnsta kosti hluta garðsins sem getur sett ákveðin strök í áform byggingaraðilans. Spurning er um hvort minnka þurfi bílakjallara sem á að vera undir húsinu. Þá er einnig spurning um hvort byggja verður yfir garðinn eða þann hluta hans sem nauðsynlegt verður talið að varðveita.

- bls. 4-5
**Fjölbjóðlegur
sönghópur gerir
viðreist**

- bls. 12-13
**Bernskuminningar
Helga Ágústssonar
fv. sendiherra**

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Kjöt á grillið!
- helgartilboð úr kjötborðinu

Svínahnakki 1498
Lambafilé 4138
Krydduð læri 1798

Opið til kl. 20.00 öll kvöld

Melabúðin
þín verslun

Hagamel 39 - Sími 551-0224

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
7. tbl. 18. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

Breytt miðborg

Með þeim húsbyggingum sem ákveðnar eru og fyrirhugað er að reisa í miðborg Reykjavíkur á næstunni munu breyta ásrýnd hennar verulega. Fyrirhuguð stórbygging í Lækjargötu mun ekki einungis breyta götumyndinni við Lækin heldur einnig miðbæjarmyndinni en mesta umbreytingin mun þó verða á hafnarsvæðinu þar sem fyrirhugað er að reisa bankabyggingu, hótél og stórt íbúða, verslunar- og þjónustuhús.

Skoðanir fólks eru skiptar um þessar framkvæmdir. Á meðan fólki finnst í of mikið lagt – of mikið byggt fagna aðrir þéttingu byggðarinnar og auknu athafna- og atvinnulífi í miðbænum. Vissulega má deila um útlit nýrra bygginga, staðsetningu þeirra og hversu vel þær falla með sjónrænum hætti að þeim mannvirkjum sem eru fyrir. Fram hjá því má þó ekki horfa að flestar þessar byggingar eiga að rísa á svæðum sem verið hafa auð og nánast ónotuð um langa hríð.

Lóðin á horni Lækjargötu og Vonarstrætis þar sem nú er fyrirhugað að reisa hótél- þjónustubyggingu hefur staðið auð síðan í stórbruna sem varð árið 1967. Svæði austurhafnarinnar sem stundum er nefnt Hörpureitur og nær frá Kalkofnsvegi vestur að Tollstöðvarhúsinu hefur lítið sem ekkert verið nýtt eftir að athafnasvæði Eimskipafélagsins var flutt inn í Sundahöfn og Faxaskáli rifinn.

Vissulega er tími kominn til og þótt fyrr hefði verið að nýta þessi svæði fyrir athafnir og mannlíf. Aðgátar er þó þörf við hönnun bygginga á miðborgarsvæðum. Menn mega heldur ekki láta hótélglýjuna í landi hinnar vaxandi ferðaþjónustu villa sér sýn en svo virðist sem ákvarðanir hafi verið teknar um að dreifa hótélum og annarri þjónustu við ferðafólk um stærra svæði en miðborgina.

Hvernig sem til mun takast við þá uppbyggingu sem nú er að fara af stað í miðborginni ber að fagna henni. Þau göt sem verið hafa í miðborgarmyndinni og einkum á hafnarsvæðinu hafa stungið í augu bæði hvað umhverfi varðar og einnig að þessi borgarsvæði hafi ekki verið vel nýtt. Byggingarnar sem risu við Aðalstræti voru vel heppnaðar. Þau spor þarf ekki að hræðast. Vonast verður til að arkitektar og hönnuður – þeir sem skapa hús gæti þess að huga að einfaldri og fallegri borgarmynd. Miðborgin er að breytast.

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Myndi kosta 5,8 milljarða

Vistun áragamalla barna í leikskóla myndi kosta 5,8 milljarða á ári samkvæmt nýlega útkominni skýrslu starfshóps til borgarráðs Reykjavíkurborgar sem nefnist „Að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla“. Í skýrslunni er áætlað að útgjöld Reykjavíkurborgar aukist um allt að 5,8 milljarða króna á ári ef ársgömul börn fá vistun í leikskóla. Til að brúa þetta bil nú verða mörg börn að fara til dagforeldra þegar foreldrar þeirra hafa lokið sex til níu mánaða fæðingarorlofi. Að koma börnum til dagforeldra er bæði kostnaðarsamt og oft ekki auðvelt þar sem eftirspurn er mun meira en framboð á þjónustu þeirra. Staða margra foreldra ungbarna er því alls ekki örugg og í mörgum tilfellum algerlega óviðunandi

Systkinaafsláttur í leikskólum

Skóla- og frístundaráð samþykkti á síðasta fundi sínum fyrir sumarfrí að taka upp systkinatillit á leikskólum. Er það gert með því að breyta reglum um leikskólaþjónustu með samþykkt á nýju ákvæði í reglum um þjónustuna. Með reglu um systkinatillit í leikskólum er komið til móts við þau sjónarmið að mikilvægt sé að systkini á leikskólaaldri geti verið á sama leikskóla í borginni. Einnig er tryggt að reglan skerði ekki rétt barna sem eru framar á biðlista og þeim er tryggð innritun á öðrum leikskóla sem forsjármenn þeirra hafa óskað eftir. Þess má einnig geta að borgarráð samþykkti nýlega tillögu skóla- og frístundaráðs um að taka börn fædd í janúar og febrúar 2014 inn á leikskóla í haust.



Aukin sveigjanleiki á milli skólastiga

Borgarstjóri hefur óskað eftir formlegum viðræðum við menntamálaráðherra um hugmyndir sem tengjast auknum sveigjanleika á milli skólastiga. Í bréfi sem sent hefur verið til menntamálaráðherra kemur fram að viðræðurnar snúist um þrennt: Að kanna kosti þess og galla að flytja samræmd próf tándu bekkja til vors í níunda bekk, og

gefa þeim nemendum sem það kjósa val um að hefja fyrr nám í framhaldsskóla, að skilgreindum skilyrðum uppfylltum. Útskrift úr grunnskóla geti verið að vori í níunda bekk eða áramót í tíunda bekk, auk hefðbundinnar útskriftar að vori tíunda bekkjar. Að hleypt verði af stokkunum verkefni, í borginni í heild eða einstökum hverfum, þar sem nemendum á efstu árum grunnskóla verði gert enn þá auðveldara að ljúka skilgreindum áföngum fyrsta árs í framhaldsskólanámi samhliða námi í níunda og tíunda bekk. Að efnt verði til viðræðna um rekstur Reykjavíkurborgar á einum eða fleiri framhaldsskólum í tilraunaskyni, til að auka samfellu í námi og vinna að ofangreindum áherslum.



Helgi Grímsson sviðsstjóri

Helgi Grímsson hefur verið ráðinn nýr sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Hann hefur áður starfað sem skólaráðgjafi og forstöðumaður frístundamiðstöðvar auk þess sem hann var skólastjóri fyrst í Laugarnesskóla og nú síðast í Sjálandsskóla í Garðabæ sem hlaut íslensku menntaverðlaunin árið 2011. Þessir sóttu um starfs stöðu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar auk Helga: Davíð Freyr Þórunnarson menningarstjórnandi, Grétar Erlingsson framkvæmdastjóri, Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri, Gunnar Kristinn Þórðarson stjórnsýslufræðingur, Halla Birgisdóttir, Hrönn Árnadóttir, M.A. íþróttasálfraeði, Rannveig Björk Þorkelsdóttir, uppeldis og menntunarfræðingur og doktorsnemi, Sigríður Ágústsdóttir, skólastjóri, Særun Magnea Samúelsdóttir, M.A. í menningar- og menntastjórnun, Vigfús Hallgrímsson þróunarfulltrúi grunnskóla, Þorsteinn Frímann Sigurðsson, viðskiptafræðingur og Þorsteinn Sæberg Sigurðsson skólastjóri. Helgi mun taka til starfa 1. október 2015 þegar Ragnar Þorsteinsson lætur af störfum.

Hvassahraun kemur best út

Hvassahraun kemur vel út í samanburði við aðra flugvallarkosti þegar litið er til þátta eins og veðurfars, rýmis og hindrana,



kostnaðar og umhverfismála. Þá kemur Hvassahraun best út þegar horft er til möguleika flugvallarstæða til að taka við flugumferð eða starfsemi umfram það sem nú er í Vatnsmýri.“ Þetta er meðal þess sem segir í skýrslu stýrihóps ríkisins, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group um flugvallakosti á höfuðborgarsvæðinu. Þá telur stýrihópurinn nauðsynlegt að samkomulag náist um rekstraröryggi Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýri á meðan nauðsynlegur undirbúningur og eftir atvikum framkvæmdir fara fram. Að sama skapi þurfi að eyða óvissu um framtíð æfinga, kennslu- og einkaflugs.

Breytingar á Brynjureit

Vísað hefur verið til borgarráðs breytingu á deiliskipulagi Brynjureits á milli Laugavegar og Hverfisgötu austan Klapparstígs. Í tillögunni felst að samræma þann hluta deiliskipulags Brynjureits frá 2003 og 2006 þeim deiliskipulagsbreytingum sem tóku gildi árið 2013 en breytingarnar náðu aðeins til lóðanna Laugavegs 23, Klapparstígs 31, Laugavegs 27a, Hverfisgötu 40 til 42 og Laugavegs 27b og Hverfisgötu 44. Breytingar eru uppfærðar og skipulagsskilmálar alls reitsins eru endurskoðaðir og samræmdir. Auk þess er nú gert ráð fyrir breytingum á lóðum að Laugavegi 27 og 29 vegna laga um menningarminjar sem tóku gildi 1. janúar 2013. Samþykkt hefur verið að auglýsa framlagða tillögu. Brynjureitur er að hluta byggður gömlum og illa förnum húsum eða óbyggður og notaður fyrir bílastæði.

Hafnarstræti 19 endurbyggt

Lögd fram að lokinni auglýsingu og vísað til borgarráðs umsókn Sjöstjórnunnar ehf. varðandi breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 19 við Hafnarstræti. Í breytingunni felst að heimilt verði að rífa og endurbyggja húsið í samræmi við upprunalegt útlit, samkvæmt lagfærðum uppdrætti THG arkitekta ehf. frá 16. apríl 2015.



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar
Bíla- og bátarafmagn
Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Vesturbæingar



Eru fornminjar undir fótum mínum?

Vegabréf

2015



Náðu í Vegabréf N1 á næstu N1 stöð og byrjaðu strax að safna stimplum. Við hvern stimpil færðu skemmtilega stimpilgjöf.

Þegar Vegabréfið er fullstimplað skilarðu því inn á næstu N1 stöð og getur átt von á glæsilegum vinningum.

Samtals
100
vinningar!

Vinningar



SKJÁREINN
Áskriftarpakki
í 3 mánuði



Gjafabréf
5.000 kr



Máltíð fyrir fjóra

Það rignir stimpilgjöfum á N1 í sumar!



Hluti af ferðasumrinu

N1

Olga Vocal Ensemble:

Fjölþjóðlegur sönghópur gerir víðreist

... einn þeirra Vesturbæingurinn Pétur Oddbergur Heimisson spjallar við Vesturbæjarblaðið

Heyr himnasmiður lag Þorkels Sigurbjörnssonar við 700 ára gamlan texta Kolbeins Tumasonar hljómar. Raddirnar eru samhæfðar líkastar því sem leikið sé á hljóðfæri. Þegar lokanótan hefur verið sungin tekur annað lag við. Ég er kominn heim lag Jimmie Rodgers við texta Jóns Sigurðssonar eða Jóns í bankanum eins og hann var nefndur en hann starfaði í Búnaðarbankanum gamla samhliða textagerð og tónlistarstörfum tekur við. Lagið sem gerði Óðinn Valdimarsson frá Akureyri kunnan á einni nóttu með KK sextettinum forðum. Lag sem ýmsir hafa lagt sig eftir að túlka en fáum tekist að ná. Óðinn var tenór en nú er bassaródd Péturs Oddbergs Heimissonar tekin við. Lagið hentar ekki síður þjálfari bassaródd en óbeisluðum tenór.

Pétur Oddbergur Heimisson er einn af sönghópnum Olga Vocale en hinir eru Bjarni Guðmundsson tenór, Jonathan Ploeg tenór, Gulian van Nierop barritón og Philip Barkhudarov bassi. Að sönnu alþjóðlegur hópur sem í sumar mun bjóða upp á kvöldverðartónleika í samstarfi við lðnó ásamt því halda hefðbundna tónleika víðs vegar um landið. Þeir lögðu upp nú 21. júlí og verða á ferð til 3. ágúst með viðkomu á Hvolsvelli, Djúpavogi, Ólafsfirði, Hvanneyri, Flatey á Breiðafirði og síðast en ekki síst í Reykjavík. Ölgumennirnir fóru auk þess til Frakklands í sumar og munu halda til Bandaríkjanna í byrjun næsta árs þar sem þeir ætla að halda um tólf tónleika í samstarfi við Baylin Artists Management. Pétur Oddbergur Heimisson er Vesturbæjarbarn. Fæddur og alin upp á Vesturgötunni og hefur búið þar samfellt ef undan eru skilin námsári í Hollandi. Hann spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni.

Hreinræktaður Vesturbæingur

Pétur Oddbergur er hreinræktaður Vesturbæingur. Foreldrar hans eru Heimir Sigurðsson og Gróa Þóra Pétursdóttir og hann hefur alla tíð búið á Vesturgötunni utan námsáranna í Hollandi. Hann segist ekki vera fluttur að heiman. „Það má segja að ég sé enn á „Hótel mömmu“. Ég er svo stutt heima í hvert skipti. Ég bý allt upp í tíu mánuði erlendis á hverju ári og þá tekur því ekki að vera að reyna að leigja. Verð þar trúlega eitthvað enn á meðan ég er á þessu flakki á milli landa og foreldrar mínir hafa útbúið mjög góða aðstöðu fyrir mig í kjallaranum á Vesturgötunni. En það styttist í að ég verði að finna mér eitthvað annað. Kannski kaupi ég mér hús í Vesturbænum en það er ekki alveg komið að því. Ekki enn þá.“



Hugmyndin um að tengja söng og matarlist saman sem þeir Ölgufélagar ætla að gera í lðnó í sumar er óvenjuleg. Þarna eru þeir félagarnir á fullri ferð í eldhúsinu. Pétur Oddbergur er fyrir miðju.

Af ætt Gróu

Langamma Péturs var Gróa Pétursdóttir sem var mjög virk í slysavarnarstarfi á árum áður og Gróubúð á Grandagarði heitir eftir. Pétur segir langömmu sína hafa verið mjög sérstaka konu og mörgum eftirminnileg. Hún fæddist 1892 í Hvassahrauni á Vatnsleysuströnd skammt frá þeim stað sem hugmyndir eru nú um að byggja flugvöll. Foreldrar hennar voru Pétur Örnólfsson, sjómaður í Reykjavík og kona hans Oddbjörg Jónsdóttir. Árið 1918 giftist Gróa Nikulási K. Jónssyni skipstjóra og vigtarmanni í Reykjavík um langt skeið og hófu þau búskap í Reykjavík. Gróa átti þrjú systkini sem voru Jóhann, þekktur togaraskipstjóri, Guðlaug sem fylgdi Gróu alla tíð og sá lengst af um heimili hennar og var

henni ómetanleg hjálparhella. Yngst var svo Emilía sem var gift Kristni Markússyni í Geysi. Gróu hlotnuðust viðurkenningar fyrir störf sín að slysavörnum. Hún hlaut íslensku fálkaorðuna og Gróa var sæmd æðstu viðurkenningu Slysavarnafélags Íslands, heiðurskrossi, sem einungis þremur einstaklingum hefur hlotnaðist í sögu félagsins. „Já – nöfnin okkar mömmu eru sterk í fjölskyldunni.“

Virk í íþróttalífinu

Fjölskylda Péturs hefur verið mjög virk í íþróttalífinu og einkum skíðaíþróttinni í gegnum tíðina. Faðir hans var formaður skíðadeildar KR um tíma og sjálfur var Pétur á skíðum í Skálafelli og víðar. Hann var líka virkur í fótboltanum. „Ég átti mjög góða æsku í Vesturbænum

og hef alltaf kunnað mjög vel við mig þar. Ég er líka hreinræktaður KR-ingur og var einn af stofnendum KV eða Knattspyrnufélags Vesturbæjar sem var stofnað til þess að gefa þeim sem ekki komust inn í meistaraflokkinn tækifæri. Ég var með þeim í stjórn í eitt ár en starfaði ekki með KV eftir það. Með KV gátu strákarnir spilað í lægri deild. Þetta var meira hugsað til gamans en beinn undirbúningur fyrir meistaraflokkinn en KV komst upp í fyrstu deildina á síðasta ári. Já – ég æfði með KR í fjölda ára. Allt frá því að ég var lítill strákur. Ég var á skíðum á veturna og spilaði fótbolta á sumrin. Ég missti svolítið af undirbúningi á veturna en náði að spila á Shellmótum og fleiri mótum og spilaði á Íslandsmótinu alveg upp í annan flokk. Ein tenging mín við

Vesturbæinn tengist bæði KR og söngnum þótt með óbeinu móti sé. Ég er alin upp í sama húsi og Pétur Jónsson söngvari bjó á sínum tíma en hann var einn af stofnendum KR.“

Jón Þorsteinsson flottur kennari

En að söngnum. Hefur Pétur alltaf sungið. „Já - ég hef alltaf haft gaman af að synja. Ég var í kór í Hagaskóla og í kórstarfi á framhaldsskólaárunum. Ég fór í söngnám meðal annars hjá Óðmundi heitnum Jónssyni óperusöngvara. Ég náði tveimur árum hjá honum áður en að starfsævi hans lauk. Ég horfði þó ekki um tíma eingöngu á sönginn því ég fór eitt ár í nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Ég fann þó að söngurinn togaði stöðugt í mig. Ég hafði verið hjá góðum kennurum og auk Guðmundar og má nefna menn á borð við Eið Ágúst Gunnarson og Bergþór Pálsson í því efni. Þetta reyndist mér mjög góður undirbúningur fyrir söngnámið sem ég hef stundað í Hollandi undanfarin ár.“ Pétur flutti til Hollands árið 2009 til þess að stunda tónlistar- og söngnám. Þar hefur hann meðal annars lært hjá Jóni Þorsteinssyni óperusöngvara sem er ættaður úr Ólafsfirði en hefur búið og starfað í Hollandi í um þrjá áratugi. „Jón er ótrúlega flottur kennari og gott að vera hjá honum í námi. Þegar ég var hjá honum var hann að kenna 13 Íslendingum.“

The Good Old Days

En hvernig varð Olga Vocal Ensemble til. Pétur segir hugmyndina hafa fæðst með kynnum sem hófust í náminu þar sem allir voru að læra söng. „Þetta þróaðist smám saman. Í fyrstu vorum við þrír Íslendingar, einn rússi og píanóleikari. Þetta var fyrsta útgáfan af Ölgu. Svo hætti píanistinn og þá fórum við að þróa sönginn án undirleiks. Á árinu 2013 bættust tveir Hollendingar í hópinn og þá vorum við orðnir fimm. Lagavalið breyttist einnig. Það breyttist frá lögum sem söfnuðust að okkur ef svo má segja og við lærðum og kunnum yfir í að móta okkur stefnu í lagavali. Við fóru að synja tónlist frá 20ustu öldinni – einkum miðbiki hennar. Nokkuð sem við kölluðum „The Good Old Days“ eða gömlu góðu dagana. Við tókum þetta svo smám saman af aukinni alvöru. Hópurinn er líka orðin þéttari en hann var. Sigurður Rúnar Jónsson eða Diddi fiðla eins og hann er oftast kallaður og býr í Lúxemborg tók upp fyrstu sex lögin sem við festum niður. Annars erum við ekki með neinn stjórnanda. Við stjórnnum hver öðrum. Við æfum saman og finnum saman út hvernig við viljum flytja lögin. Við leggjum ekki alla línur fyrir fram eða skrifum alveg niður hvernig við viljum hafa þetta. Sumt gerist



Ölgufélagarnir hafa verið að túra um Ísland. Þarna eru þeir staddir í Ólafsfirði ásamt tveimur heimamanna.



Félagarnir í Olga Vocal Ensemble leggja mikið upp úr að syngja í kirkjum vegna þess hversu góður hljómburður er í mörgum þeirra.

bara í augnablikinu. Það er margt sem getur gerst þegar við erum að æfa lögin og þróa sönginn en þá er bara að bregðast við því og vinna úr aðstæðunum.

Sumar, söngur og matarlist

Hugmyndin um að tengja söng og matarlist saman sem þeir Olgufélagar ætla að gera í lðnó í sumar er óvenjuleg. Hvernig varð hún til. „Sú hugmynd fæddist í Haarlem í Hollandi þar sem Olga hefur haldið nokkra tónleika af þessu tagi í heimahúsi - húsi foreldra Jonathans sem er annar tenór í hópnum. Þetta áhugaverða form þar sem blandað er saman tónlist og mat hefur vakið mikla lukku í Hollandi. Strákarnir í Olgu eru spenntir að kynna þessa upplifun fyrir Íslendingum í sumar. Boðið verður uppá fjögurra

rétta matseðil ásamt dúndrandi söng inn á milli. Olga tekur að sjálfsögðu þátt í að bera fram matinn. Við erum líka að túra um Ísland í sumar. Viljum hafa þetta skemmtilega blöndu af sumri, söng og matarmenningu.“

Ætla að kynna evrópsk þjóðlög vestra

Og nú stefna þeir félagarnir til Bandaríkjanna. „Já – það er rétt. Við stefnum í vesturveg. Haft var samband við okkur að

vestan af aðila sem kemur frá umboðsskrifstofu þar. Hann hafði heyrt í okkur á netinu og fannst að tónlistarflutningur okkar gæti passað við Bandaríkjamarkað. Hann var ekki með í huga að við myndum flytja bandarísk lög heldur fyrst og fremst evrópsk þjóðlög. Leyfa íbúum Vesturálfu að heyra eitthvað nýtt.“ Pétur segir spennandi tíma fram undan hjá þeim. „Nú er þessi aðili að selja okkur -meðal annars í leikhús og kirkjur. Við höfum gert talsvert af því að syngja

í kirkjum – einkum vegna þess hversu góður hljómburður er í mörgum þeirra þótt það sé alls ekki algilt,“ segir þessi söngglaði Vesturbæingur sem er ásamt félögum sínu að

kynna Íslendingum nýjungar í tónlistarflutningi bæði er varðar tónlistina sjálfa og einnig að blanda matarmenningu við tónheyrnina.

- **Ódýr veitingastaður/ bar og kaffihús**
- **Vespuleiga**
- **Laundromat**
- **Sjálfsþjónustu viðgerðaraðstaða fyrir hjól af öllum gerðum**

Opið alla daga 8-23



Bike Cave
Einarsnesi 36 • 101 RVK
www.bikecave.is
Erum á Facebook
Símar 770-3113 og 666-6136



Rúnstykki á 80 krónur

Alla daga!



Bernhöftsbakarí ehf. | Bergstaðarstræti 13 | Sími: 551-3083

Opið virka daga frá 07:30 til 18:00
og um helgar frá 08:00 til 17:00

Alþjóðadeild við Landakotsskóla



Landakotsskóli.

Landakotsskóli mun vinna að tveggja ára þróunarverkefni sem felur í sér rekstur alþjóðadeildar við skólann. Gert er ráð fyrir að 24 grunnskólanemendur muni stunda nám við alþjóðadeildina. Þetta kemur fram í samþykkt skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar fyrir skömmu.

Í bókun fulltrúa Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og áheyrnarfulltrúa Pírata frá fundi ráðsins 24. júní var þessari viðbót við flóru skólastarfs í borginni fagnað.

Jafnframt segir í bókuninni að mikilvægt sé að svara vaxandi eftirspurn um vandað alþjóðlegt nám fyrir börn erlendra starfsmanna í atvinnulífi borgarinnar, diplómata og barna af íslenskum uppruna með tímabundna búsetu hér á landi.

Landakotsskóli sé skóli með langa og farsæla sögu og faglegur metnaður einkenni áform skólans um stofnun alþjóðadeildar.

Þarfnast lagfæringar



Eins og sjá má molnar steypan og dreifist um nærliggjandi götu með slysa hættu fyrir gangandi vegfarendur.

Þetta gangstéttarhorn sem er á mótum Hagamels og Reynimels er búið að vera í niðurníðslu í mörg ár. Oft er búið að gera við götuna og lagfæra gangstéttahluta en þetta horn hefur alltaf verið skilið eftir.

Á horninu er farið að molna mikið úr steypunni, sem rennur svo út á götuna og getur valdið skemmdum á ökutækjum auk að um almennan sóðaskap er að ræða. Einnig getur verið slysa hættu af þessu einkum fyrir gangandi fólk sem fer þarna um. Nú þurfa borgaryfirvöld að bregðast við og vera fljót til að framkvæma lagfæringar á þessu horni.

Vilja breyta starfsemi við Tryggvagötu

... tónlistarfólk og barvinir órólegir

Eigendur fasteigna á horni Tryggvagötu og Naustsins hyggjast breyta starfsemi í húsunum samhliða lagfæringu þeirra. Hugur þeirra stendur meðal annars til að nýta þetta húsnæði til blandaðrar starfsemi og verslunarrekstur að einhverju leyti tengdum ferðaþjónustu. Um er að ræða breytingu á reitnum úr umhverfi bara og skemmtistaða í verslunarrekstur. Í þeim húsum sem um ræðir eru nú skemmtistaðirnir Húrra, Gamli Gaukurinn, Palóma, Dubliners og Glaumbar.

Fjelagið ehf. er eigandi umræddra húsa og einnig Vesturgötu 2 þar sem Kaffi Reykjavík er til húsa. Í byrjun árs 2013 sagði Steindór Sigurgeirsson annar eigandi Fjelagsins í samtali við Viðskiptablaðið að hann telji þetta góða fjárfestingu til lengri tíma og lýsti vilja til þess að koma húsunum í gott horf. Í viðtali við Stundina fyrir skömmu sagði Steindór að ekki standi til að rífa húsin en áform séu uppi um að gera endurbætur á þeim á næstunni. Ætlunin sé að hafa blandaða starfsemi í húsunum en engar áætlanir væru þó klárar í því efni. Hann sagði stefnuna tekna á breytingar og umbætur í húsunum. Þetta sé frekar sjöppulegur reitur eins og hann er. Þeir vilji sjá meira af verslunum og túristastarfsemi þar frekar en bari. Hann sagði að Fjelagið myndi sækja um breytingar á deiliskipulagi fyrir reitinn á næstunni og að teiknivinna væri á byrjunarstigi.

Andlitslyfting en tónlistarfólk og barvinir uggandi

Þótt ætla megi að þessi hluti Miðborgarinnar muni fá veglega andlitslyftingu með endurbótum á þessum húsum eru ekki allir hrifnir af þessari hugmynd og þegar hafa skapast heitar umræður um málin á samfélagsmiðlunum. Stofnuð hefur verið sérstök mótmælendasíða á Facebook og þar eru stóru orðin ekki spöruð. Þar segir að nokkrir húseigendur í bænum séu að reyna að „myrða tónlistarsenuna“ með því að loka bestu og stærstu tónleikastöðunum til þess að opna aðra upplýsingamiðstöð fyrir túrista eða minjagripabúðir. Tónlistarmenn hafa kvartað nokkuð í fjölmiðlum að undanförmu – einkum vegna kvartana vegna hávaða. Með fjölgun hótela



Eigendur húsanna vilji sjá meira af verslunum og túristastarfsemi á þessu svæði en bari.



Þessi ungmenntu gengu spariklaedd niður Laugaveginna síðast liðinn föstudag með mótmælaspjöld. Af spjöldunum má ráða að fólkið vill sjá lista- og menningarlíf blómstra í borginni – ekki bara „lundabúðir“.

og gistiheimila í miðborginni er ljóst að hávaði vegna tónleikahalds sem einkum fer fram á síðkvöldum getur raskað ró ferðamanna sem njóta vilja hvíldar og nætursvefns.

Áhyggjur innan borgarkerfisins

Innan borgarkerfisins er að finna áhyggjur af að miðborgin gerist of einsleit vegna ferðamanna. Of mikið af starfsemi sem þróast þar verði tengt þjónustu við ferðafólk og geti það komið niður á íbúum og einnig annarri starfsemi eins og tónleikahaldi. Halldór Auðar Svansson borgarfulltrúi Pírata hefur látið hafa eftir sér í viðtölum að Reykjavíkurborg

hafi fá úrræði til að koma í veg fyrir að einsleit starfsemi tengd ferðaþjónustu ryðji rótgrónum rekstri út úr miðborginni. Hann hefur sagt að ástæða sé til þess að hafa áhyggjur en einnig tekið undir sjónarmiða eigenda húsanna um að reiturinn sé orðinn „sjöppulegur“ og þurfi á andlitslyftingu að halda. Halldór Auðar Svansson sagði einnig að ekki væri áhugi fyrir því að handstýra þróuninni of mikið en minnti á ákvörðun umhverfis- og skipulagsráð sem síðan var staðfest í borgarráði um að setja hámark á það hversu hátt hlutfall starfsemi í Kvosinni megi vera fyrir hótél og að einnig sé verið að íhuga hvort tilefni gæti verið til að gera það víðar á þessu svæði.

FERSKUR FISKUR

DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN

Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30

Umdeild vinningstillaga við Lækjargötu



Þannig lítur hið umdeilda hús út í vinningstillögunni.

Tillaga arkitektastofunnar Gláma Kím um byggingu hótels á horni Lækjargötu og Vonarstrætis varð hlutskörpust í lokaðri samkeppni um hótél sem áformað er að byggja á lóðinni við Lækjargötu 12 á horni Lækjargötu og Vonarstrætis. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að hótél risi á þessum reit. Hótelið verður samkvæmt vinningstillögunni fjögurra stjarna, 115 herbergja, á fimm hæðum auk kjallara. Á jarðhæð er áætlað að verði verslanir, veitingaaðstaða og skrifstofur.

Ljóst er af ummælum fólks í fjölmiðlun og á förunum vegi að undanförunu að tillagan er umdeild. Hún hefur sætt gagnrýni einkum á samfélagsmiðlum en einnig frá kjörnum fulltrúum sem eiga sæti í umhverfis- og skipulagsráði borgarinnar. „Mér líst svona

sumpart ágætlega á hana. Það er gert ráð fyrir mjög stórr og opinni jarðhæð sem skiptir mjög miklu máli til að fá líf út á götuna. Þarna er nú frekar auðnarlegt svæði, bílastæði aðallega á þessu svæði. „En ég get vel skilið þá sem finnst þetta svolítið kassalaga,“ sagði Hjálmar Sveinsson, varaformaður umhverfis- og skipulagsráðs í kvöldfréttum Stöðvar 2 fyrir skömmu. Hjálmar ítrekaði þetta sjónarmið í óformlegu spjalli við Vesturbæjarblaðið – byggingin samkvæmt tillögunni væri stór og myndi setja svip á umhverfið en hugmyndin að nýtingu jarðhæðarinnar bætti tillöguna að nokkru upp.

Biðja Dag B. um að stöðva málið

Fleiri hafa látið í ljós skoðanir

á vinningstillögunni. Þar á meðan Ólóf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar í samtali við visi.is. Þar sagðist hún gera ráð fyrir að umfjöllun um þetta mál taki talsverðan tíma og áform sjaldnast samþykkt óbreytt. Því mætti búast við einhverjum breytingum áður en málið yrði endanlega ákveðið. Hjálmar Sveinsson kveðst gera ráð fyrir að að byggingarfulltrúi fá fagrýnihóp til að fara yfir tillöguna og vinna síðan umsögn og rökstyður sitt álit hvert sem það verður áður en málið komi fyrir umhverfis- og skipulagsráð. Ymsir nafnkunnir aðilar hafa látið álit sitt í ljós á samfélagsmiðlunum. Hildur Sverrisdóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins segir að sér finnst þetta í sjálfu sér fínt hús en það passi ekki á þessum stað.

Hugmyndin eigi að fara aftur á teikniborðið – það vanti samhengi við umhverfið. Illugi Jökulsson fjölmiðlamaður og rithöfundur er gagnrýnn þegar hann skrifaði á Facebooksíðu sína að hann geti ekki stutt borgarstjórn sem finni ekki leið til að stöðva byggingu sem þessa sem hann segir ömurlega ljótt skrimslu í miðborg Reykjavíkur. Svavar Halldórsson fyrrverandi fréttamaður og núverandi framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda benti á skipulagið á Norðurbakka

í Hafnarfirði sem margir vilja meina að hafi verið slys. Og Egill Helgason fjölmiðlamaður lætur sitt ekki eftir liggja og skrifar á blogg sitt: „Maður spyr hvernig hægt sé að láta sér detta í hug að byggja hús sem lítur svona út í hjarta Miðbæjarins við sjálfa Lækjargötu rétt hjá Tjörninni. Þá hafa margir skrifað á Facebook síðu Dags B. Eggertssonar borgarstjóra og beint til hans þeim ummælum að koma í veg fyrir að þessi bygging risi.

Frítt söluverðmat

Reynsla og vönduð vinnubrögð



Hringdu núna.

Davíð Ólafsson

Löggiltur fasteignasali

Sími: **897 1533**

david@fr.is



*Fegurð,
fótabað og flot
– 170 Seltjarnarnes!*



SAMFESTINGURINN –
ný ómótæðileg útgáfa!

Lífrænn & smart.
Fyrir jóga & lífið.
*Sterk, lífræn
og dásamleg
"Fair Trade" bómull.*



FLJÓTTU & NJÓTTU
Í SUMAR!

FÁTT jafnast á við FLOT
í falgri sumarnóttinni.
Flothetta & fóttaflot:
17.700 kr.



EIGIN JÓGAMOTTA
er MÁLIÐ!

MANDUKA eru
sannarlega Taj Mahal
jógadýnanna, 5. teg
og fylgihlutir.



Definitely worth a visit!
– Grapevine apríl 2015

SÁL Í HVERJUM SOPA!

LÍFRÆNT KAFFI m/ BÍÓBÚMJÓLK /
INDÍGÓKAFFI?

Eða má bjóða þér næringarríka gourmet
súrdeigssamlöku, PEYTING, SKOT,
croissant, glútenlaust, "vegan",
chiagrauta, heilsubita, kökur, súpu.
Innihaldsríkt góðgæti í stöðugri þróun!

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Fyrir neðan sundlaugina og World Class.

www.facebook.com/Systrasamlagid

Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 8:30 - 18

Laugardagar 10 - 16

Sunnudagar í sumar 11 - 15



Vesturborgarkrakkarnir voru í sólar og sumarskapi á sumarhátíðinni.

Sumarhátíð og gleði í Vesturborg

Sumarhátíð Vesturborgar var haldin 25. júní sl. fyrir hátíðina höfðu börnin útbúið sumarkórónur og svo fengu þau sem vildu andlitsmálningu áður en lagt var af stað í skráðgöngu um nágrennið. Skráðgangann var leidd af blásarasveitinni Ventus Brass og að henni lokinni var slegin upp veisla í garðinum hjá Vesturborg. Pylsur voru grillaðar og hápunktur hátíðarinnar var þegar Lína langsokkur mætti á svæðið.

Við í Vesturborg viljum þakka öllum sem að hátíðinni komu kærlega fyrir einstaklega vel heppnaðan dag. Leikskólinn Vesturborg og foreldrafélag Vesturborgar hlutu tilnefningu til foreldraverðlauna Heimilis og skóla 2015 fyrir tiltektar- og framkvæmdadag á Vesturborg. Við erum mjög stolt og þökkum okkar frábæra foreldrafélagi fyrir mikið og gott starf. Svo má bæta við að Ellan okkar



Elin Árnadóttir aðstoðarleikskólastjóri

- Elin Árnadóttir aðstoðarleikskólastjóri átti fyrr í mánuðinum 20 ára starfsafmæli á Vesturborg. Henni eru þökkun vel unnin störf.

Fóru á Austurvöll á kvennadaginn



Börnin lituðu fána og aðrar myndir og sungu Áfram stelpur á leiðinni á Austurvöll.

Elstu börnin af nokkrum leikskólum í Vesturbænum; Mýri, Tjörn, Drafnarsteini, Ægisborg, Vesturborg og Sæborg fóru á Austurvöll þann 19. júní síðastliðinn til að fagna þeim tímamótum að 100 ár eru liðin frá því að konur fengu kosningarétt.

Börnin sungu saman Áfram stelpur og Óxar við ánnu. Börnin komu með heimatilbúna íslenska fána sem þau höfðu búið til og sett á prik. Nokkur báru spjöld þar sem á stóð 100 ár frá kosningarétti kvenna á Íslandi.

Landsbankinn á Hörpureitinn

Bankaráð Landsbankans hefur tekið ákvörðun um að ráðast í nýbyggingu við Austurhöfin í Reykjavík og er byggingunni ætlað að hýsa alla miðlæga starfsemi bankans. Áætlanir gera ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður vegna húsnæðis lækki um 700 milljónir króna og að fjárfestingin borgi sig upp á um tíu árum.

Í dag fer starfsemi Landsbankans fram í mörgum húsum í borginni. Flest þeirra eru leiguhúsnæði og leigusamningar til skamms tíma. Landsbankinn rekur starfsemi á tæplega 29 þúsund fermetrum á höfuðborgarsvæðinu en nýbyggingin verður um 14.500 fermetrar auk 2.000 fermetra rýmis í kjallara. Gert er ráð fyrir að nánast öll starfsemi bankans verði færð undir eitt þak í nýrri byggingu og með því fækki þeir fermetrum sem notaðir verða fyrir starfsemi bankans á þessu svæði um allt að 46%. Áætlað er að árlegur rekstrarkostnaður húsnæðis bankans lækki um 700 milljónir króna og að fjárfesting vegna nýbyggingar borgi sig upp á um einum áratug. Í ágúst mun Landsbankinn kynna samkeppni í samvinnu við Arkitektafélag Íslands um hönnun nýbyggingarinnar áhersla er á að hanna, hagkvæma byggingu sem hægt verður að þróa í takt við breytingar á starfsemi og umsvifum bankans.

Gagnrýni gætir

Nokkrar gagnrýni hefur gætt vegna byggingaráforma Landsbankans. Elin Hirst þingkona Sjálfstæðisflokksins sagði í pistli á Eyjunni á dögunum að það væri í raun móðgun við viðskiptavinum sem fá lága innlánsvexti en borga háa útlánsvexti og ýmis konar þjónustugjöld. Elin benti á að Landsbankinn sé að stórum hluta í eigu ríkisins eftir fjármálahrunið og út í hött að verið sé að ræða slíkar framkvæmdir, á dýrasta stað í bænum á sama tíma og fé skorti til að byggja nýjan Landspítala. Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður og varaformaður fjárlaganefndar Alþingis sagði í fréttum nýlega að illa væri farið með peninga skattgreiðenda með því að byggja höfuðstöðvar Landsbankans á dýrasta stað á landinu. Andri Geir Arinbjarnarson verkfræðingur og höfundur pistla á Eyjunni meðan bankar á Wall Street séu að færa starfsemi sína frá miðborg New York til að auka samkeppnishæfni sé íslenski ríkisbankinn á tímaflakki til fortíðar.



Teikning sem sýnir staðsetningu fyrirhugaðs Landsbankahúss á Hörpureitnum og afstöðu þess til; Hörpu, væntanlegrar hótélbyggingar, væntanlegs verslunar og þjónustuhúss og til Seðlabankans.



Gamli Landsbankinn við Austurstræti. Bankinn hefur verið í miðborginni í á annað hundrað ár og er Landsbankahúsið hluti af byggingarsögu Íslands. Stjórnendur bankans hafa áhuga á að húsið fái hlutverk í almannapágu til framtíðar og hefur verið opnuð gátt á vefsíðu bankans þar sem fólk gefst kostur á að tjá hugmyndir sínar um framtíðarhlutverk hússins.

Landsbankinn miðbæjarfyrirtæki

Hjálmar Sveinsson formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur telur höfuðstöðvar Landsbankans betri kost á Austurhöfn heldur en aðra hótélbyggingu og Kristján Kristjánsson upplýsingafulltrúi Landsbankans segir að bankinn sé skilgreindur sem miðbæjarfyrirtæki. Höfuðstöðvar bankans hafa verið við Austurstræti í hjarta miðbæjarins síðan fyrir aldamótin 1900 og með þessari ákvörðun bankaráðsins er verið

að festa þann skilning í sessi. Steinþór Pálsson bankastjóri Landsbankans hefur sagt í fréttum að bankinn búi við óviðeigandi aðstæður. Hann sé á mörgum stöðum í Kvosinni og borgi víða háa leigu. Hann hefur sagst vilja sjá bankann þar sem verslun og viðskipti eigi sér stað. Ýmsir kostir hafa verið skoðaða og lóðin við Austurhöfn hafi fengist á góðu verði.



Útfarar- og lögfræðipjónusta

Önnumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



Elin Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri



Þorsteinn Elisson
útfararþjónusta



Snævar Jón Andrésson
útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir
útfararstjóri



Rósa Kristjánsdóttir
útfararstjóri



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Jón G. Bjarnason
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta



Katla Þorsteinsdóttir
lögfræðipjónusta



Gestur Hreinsson
útfararþjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is



Beint frá vinnustofu á Barónstígnum



Brynjar Sigurðarson vöruhönnuður og Veronika Sedlmair innanhússarkitekt á tröppum húsnæðis Crymogeu við Barónsstíg.

Sérstök vinnustofa og sýningarrými er nú opið í húsnæði Crymogeu við Barónsstíg. Vinnustofan ber heitið góðir vinir segja aðstandendur hennar það dregið af vináttu þeirra. Þau eru Brynjar Sigurðarson vöruhönnuður, Veronika Sedlmair innanhússarkitekt og Frosti Gnarr sem er grafiskur hönnuður sem standa að opnu vinnustofunni. Brynjar og Veronika eru búsett í Berlín þar sem þau eru með stúdíó og á dögnum hlaut Brynjar svissnesku hönnunarverðlaunin Swiss Design Awards í flokki vöru- og hlutahönnunar fyrstur Íslendinga. Hann segir þau Veroniku oft hafa hugleitt að koma til Íslands og gera eitthvað skemmtilegt og stefnir þríeykið á að vinna áfram hugmyndir og hluti auk þess að skapa eitthvað sem er nýtt í hönnunar- og listaflokkunni.

Brynjar segir þau hafa langað að skoða hvort þau gætu sjálf framleitt einhverja hluti og selt þá beint frá vinnustofunni - hluti sem væru ekki framleiddir í einhverju upplagi heldur bara hannaðir og unnir á staðnum af þeim sjálfum. Nokkuð sem líktist hugsuninni um „beint frá býli“ í

matvörunni. Hann segir þau hafa mikinn áhuga á íslensku ulla og hafi meðal annars verið að vinna handþrjónuð ullarteppi en þau vilji einnig vinna með fleiri efni og nefnir gler og sand sem dæmi.

Sótti innblástur í sjávarþorp

Saga Brynjars er á þá leið að hann útskrifaðist af vöruhönnunarbraut Listaháskóla Íslands árið 2009. Þegar hann vann að útskriftarverkefni sínu fór hann meðal annars til Vopnafjarðar þar sem hann dvaldi um mánaðar skeið til þess að kynna mannlífi, sögu og menningu þessa fámenna byggðarlags á norðaustanverðu landinu. Hann kveðst hafa hitt alls konar fólk, spjallað við það og reynt að kynna því andrúmslofti sem var í samfélaginu auk þess að taka mikið af myndum. Eitt sem Brynjar gerði á Vopnafirði var að læra hnúta af öldnum hákarlasjómanni sem hann hefur nýtt sér í hönnun og listsköpun. Brynjar er í raun ekki sé fyrsti sem nýtir hnúta sem grunn að listsköpun vegna þess að ein af þekktari bókum vestanhafs The Shipping News eftir Annie Proulx er að nokkru byggð á Hnútabók

Ashleys en er að öðru leyti skáldsaga sem fjallar um sögu fjölskyldu sem vitjar róta sinna á Nýfundnalandi á hnignunartíma þess. Í Hnútabók Ashleys segir að hnútur með átta brögðum sé nálægt því að vera meðalhnútur og eigi 256 yfir og undirbrögð möguleg. Eftir að Brynjar yfirgaf Vopnafjörð hefur hann að sögn verið að færa þetta umhverfi og handverk og framleiðsluaðferðir sem hann kynntist á staðnum þar sem land og haf mætast yfir á form hluta bæði með meðvituðum og ómeðvituðum hætti. Hann segir að með ýmsu öðru hafa notið sér hnúta sem hann lærði af hákarlasjómanninum við framleiðslu húsgagnalunnar Þögult þorp fyrir franska hönnunargalleríið Galerie Kreo. Útfærsla Brynjars á hönnun sem að hluta er byggð á hnútum hefur vakið athygli víða. Sýningin eða sýningarrýmið Góðir vinir er opið öllum og verður eitthvað af mununum til sölu auk þess sem hægt verður að spjalla við hönnuðina, tylla sér niður og fá sér kaffibolla. Við ætlum að halda okkur við hugmyndina beint frá býli nema að kalla hana réttnefinu beint frá vinnustofu,“ segja þau Brynjar og Veronika.

Vor- og sumarhátíð

Vor- og sumarhátíð leikskólans Gullborgar við Boðagrandu fór fram 5. júní sl. Gullborg er 25 ára og var þeirra tímamóta sérstaklega minnst á sumarhátíðinni með glens og gaman.

Farið var í skrúðgöngu í kringum Gullborgu sem er árlegur viðburður í leikskólastarfinu og í framhaldi hennar skemmti Sirkús Íslands börnunum og fjölskyldum þeirra. Einnig var andlitsmálning í boði og leiktæki fyrir börnin.



SUMAR ER SANGRÍA

KOMDU Á TABASBARINN OG SMAKKAÐU Á SUMRINU

Ísköld og svalandi Sangríameð ferskum ávöxtum, SOLAZ rauðvíni, appelsínusafa og blöndu af sterku áfengi og líkjörum.

Glas 1.790 KR.

LÁTTU ÞAÐ EFTIR ÞÉR, VERTU FRJÁLS, NJÓTTU LÍFSINS.



RESTAURANT - BAR

Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík
Sími 551 2344 | www.tapas.is



Ragnheiður Valgarðsdóttir, formaður Sjósfundfélags Reykjavíkur og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhenda Jóhönnu viðurkenningu og árskort í Nauthólsvík.

Jóhanna verðlaunuð sem sjósundsgarpur

Um síðustu mánaðamót var ákveðið að verðlauna Jóhönnu Haraldsdóttur en hún er ein úr hópnum sem hefur stundað sjósundið af kappi í vetur. Jóhanna er 68 ára og starfar á þjónustumiðstöð Vesturbæjar. Hún ákvað að prufa sjósundið og fór varlega í sakirnar í upphafi og gaf sér góðan tíma til að venjast hitabreytingunni. Hún hefur ná góðum tókum á þessari íþrótt og synti 250 metra nýlega.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri mætti í Nauthólsvíkina 30. Júní sl. til þess að heiðra Jóhönnu og afhenti henni viðurkenningarskjal fyrir góðan árangur. Ragnheiður Valgarðsdóttir, formaður Sjósfunds- og sjóbaðsfélags Reykjavíkur afhenti Jóhönnu gjafakort í Nauthólsvík til eins árs. Jóhanna var að vonum kát og þakkaði kærlega fyrir hún sagðist ákveðin í að halda sjósundinu áfram sem hún sagði vera allra meina bót.

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

PARKET SÉRGREIN MÍN Í 30 ÁR
Parketlögn - parketslipun og viðgerðir

Við erum sérfræðingar á þessu sviði, hvort sem um er að ræða á einkaheimilum eða stærri einingum svo sem skólum stofnunum og eða íþróttahúsum. Parketslipun gömul gólf, sem verða sem ný eftir okkar meðhöndlun.

Okkar þjónusta, þinn ávinningur.
Förum hvert á land sem er. Þegar gæðin skipta máli

3M

Falleg golf ehf. • Nesbala 25 • 170 Seljavatnes • golfslipun@simnet.is • sími: 561 4207 • GSM: 898 1107

Fjölbreytt sumar í Frostheimum

Margt hefur verið um að vera í sumarstarfi Frostaskjólís og Frostheima í sumar. Í fyrstu viku sumarstarfs Frostheima var slökkviliðið heimsótt, krakkarnir reyndu fyrir sér í krakkahreystibraut Garðbæinga, klifruðu í klifurturninn í Gufunesbæ. Ævintýraferðir voru farnar í Öskjuhlíðna og Elliðaárdalinn og skolað af sér í sundlaugum Reykjavíkur og nágrennabæjum.

Í annarri viku var varið í Vatnsstríð í Frostheimum, blautur og sleipur sápubolti var notaður og einnig var kafað í öldunum í Álfaneslauginni. Farið til Viðeyjar og margt fleira skemmtilegt með vatnsblöðrum og fjöri alla daga.

Þarnæsta vika sumarstarfsins var einkum tileinkuð hjólræiðum. Hjólað var alla vikuna meðal annars farið á reiðhjólum í Nauthólsvíkina og Laugardalinn. Hjólin voru einnig þvegin og yfirfarin og krökkunum kennt hvernig laga á keðjuna, bremsur og fleira.

Í byrjun júlímánaðar var sérstök tilraunavika í Frostheimum þar sem krakkarnir gerðust vísindamenn og konur og geru ýmsar tilraunir. Þau heimsóttu Dominos og geru undarlegar pizzur, fóru í vísindatjaldið í Húsdýragarðinum og heimsóttum vísindasmiðju HÍ.

Eftir sumarlé verður tekið til að nýju í Frostheimum og 7. ágúst koma krakkarnir saman að nýju og taka fyrst til við ýmislegt tengt vatni. Farið verður í vatnsbyssu- og vatnsblöðrustríð við starfsmenn. Sápuboltakeppni verður á Vesturbæjarlaugartúni og sullstuð verður í Nauthólsvíkinn svo nokkurs sé getið.

Sumrinu í Frostheimum lýkur síðan með að farið verður á Esjuna, leitað að Maríuhellunum í Heiðmörk, farið í fjöruferð á Langasand og sund á Akranesi. Þetta verður vika fyrir garpa svona til að enda sumarið með stæl og mæta eldhress og endurnærð í skólann eftir frábært sumar í Frostheimum.



Magnað stelpulið Frostheima á góðri sumarstund.



Ýmislegt er brallað í Frostheimum.



Þótt gaman sé í Frostheimum er einnig tekist á í Sumarseli Frostaskjólís.

Eru tryggingarnar þínar í lagi?

Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk

Skemmtilegur útveitingastaður við Vesturhöfnina

... ekta Fish and Chips á boðstólum

Á bakkanum austan við Sjóminjasafnið við vesturhöfnina í Reykjavík er búið að gera óvenju skemmtilega hugmynd að veruleika. Þar hefur verið opnaður sannur Fish and Chips veitingastaður. Það sem einkennir staðinn frá öðrum veitingastöðum í Reykjavík er að hann er undir berum himni. Þær Margrét Þorvaldsdóttir, Elsa Þórisdóttir og Sif Haraldsdóttir hafa gert þessa hugmynd að veruleika en þær eru vel kunnugar þessar hefðbundnu matarmenningu Breta frá því þær bjuggu í Hull ásamt eiginmönnum sínum sem störfuðu þar við sölu á íslenskum sjávarafurðum. Þeir eru Höskuldur Ásgeirsson, Pétur Björnsson og Benedikt Sveinsson.

Þessi þrenn hjón réðust á liðnu vori í að flytja sérhannað Fish and Chips eldhús á hjólum frá Bretlandi og fengu pláss fyrir það í Vesturhöfninni. Fish and Chips réttirnir eru afgreiddur út um glugga eða lúgu á byggingunni sem frekar mætti ef til vill kalla hjólhýsi eða eldhús á hjólum. Fyrir utan hafa þær vinkonurnar komið fyrir nokkrum borðum þar sem viðskiptavinir geta tyllt sér en einnig er mikið um að fólk taki matinn með sér. Maturinn er unninn eftir breskum venjum þótt hráefnið komi annars staðar frá. Fiskurinn er veiddur um borð í togaranum Arnari frá Skagaströnd og frystur um leið og hann kemur um borð – reyndar ekki fyrsti fiskurinn af



Margrét, Elsa og Sif fyrir utan Fish and Chips vagninn.

Íslandsmiðum sem fær þessa matreiðslu því mikið af þeim fiski sem við höfum selt til Bretlands í gegnum tíðina hefur endað sem Fish and Chips. Kartöflurnar sem þær bjóða með fiskinum koma frá Hollandi og steikningarefnin koma að sjálfsögðu frá Bretlandi

til að fá rétta bragðið. Þær eru af heppilegri stærð en þær íslensku til þess að búa kartöflurnar til. Með réttinum bjóða þær sósu og einnig baunamauk sem er sér enskt og Englendingar borða með fiskinum – aldeilis bragðgóða.

Eru þið ekki með klippikort

„Við áttum heima í Bretlandi á níunda og tíunda áratugnum þar sem eiginmennirnir störfuðu allir við fiskisölu,“ segir

Margrét í spjalli við Vesturbæjarblaðið. „Þetta hefur trúlega legið einhvers staðar baka til í hugskotum okkar því í maí í vor ákváðum við í sameiningu að gera þessa hugmynd að veruleika. Við útveguðum vagninn frá Bretlandi til þess að ná sem bestri og raunverulegastri stemningu og hafa eins „breskt“ og hægt er hér á landi. Við fórum af stað með þetta sem hobby en frá því að við opnuðum hefur verið fullt að gera – stanslaus straumur af fólki og við sem ætluðum í

fyrstu að standa í þessu sjálfar höfum nú þurft að ráð starfsfólk. Viðtökurnar hafa orðið mun kröftugri en við gerðum nokkru sinni ráð fyrir. Fólk kemur aftur og aftur og jafnvel er farið að spyrja hvort við séum ekki með klippikort – og fá tíundu hverja máltíð ókeypis eins og gerist með kaffibollana á sumum kaffihúsum. Nú þegar erum við orðnar meira á bakvaktinni.“

Gamlir sjómenn fá vatn í munninn

Margrét segir að margir ferðamenn komi en Íslendingar hafi líka tekið við sér. „Það starfar margt fólk á Grandanum og sumir skreppa hingað í hádeginu. Ég hef orðið vör við að margt af því fólki sem vinnur hjá CCP leggur leið sína hingað enda ekki langt að fara auk annarra sem starfa í nágrenninu – ekki síst gamlir sjómenn sem kynntust Fish and Chips í siglingum með íslenskum skipum til Hull og Grimsby. Íslensk matarmenning var ekki fjölbreytt á fyrri tíð og þessi eldamennska Bretanna var nýstárleg og þótti góð í augum og munni Íslendinganna.“

Ánægð íslensk-amerísk fjölskylda

Fish and Chips þeirra vinkvennanna vekur athygli fleiri en CCP fólksins og gamalla sjómanna. Á meðan tíðindamaður staldrar við á bekk hjá þeim kemur fjölskylda. Íslenskur matreiðslumaður sem býr og stýrir nokkrum veitingastöðum í Kaliforníu, þarlend eiginkona hans og tvær dætur. Hann hælir matnum og þegar þau stóðu upp kvaddi konan með orðinu „delicious“ en alls óvön kræsingum af þeirri gerð sem þeim bauðst þarna við vagninn.

Opið fram á haust – spurning um veturinn

Já – það er nóg að gera og fólkið streymir að þótt hádegjið sé rétt af staðið. „Við erum með opið alla daga frá klukkan 11 á morgnana til nú á kvöldin. Við ætlum að hafa opið fram á haustið eins lengi og við getum en þetta er í sjálfu sér ekki aðstaða til þess að reka staðinn yfir háveturinn. En í ljósi þess að viðtökurnar hafa verið miklu betri en við þörðum að gera okkur vonir – raunar með ólíkindum verðum við að huga að framhaldinu. Ég held að Fish and Chips sé alveg komið til að vera,“ segir Margrét.

[Vesturbæjarblaðið](http://www.borgarblod.is) www.borgarblod.is



Nesstofa - Hús og saga -

Ný sýning í Nesstofu sem fjallar um húsið og landlæknisembættið sem stofnað var árið 1760.

Skemmtileg verkefni í boði fyrir fjölskyldur og frístundahópa.

Opið alla daga nema mánudaga frá 13. júní - 31. ágúst kl. 13-17, ókeypis aðgangur.

Nesstofa er hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.

Nánari upplýsingar:
í síma 595 9100 eða 530 2200
www.thjodminjasafn.is



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland



Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Bernskuminningar úr Vesturbænum

Helgi Ágústsson fyrrum sendiherra lítur til baka með Vesturbæjarblaðinu að þessu sinni. Að loknu námi í lögfræði átti hann vísa vinnu í dómsmálaráðuneytinu en frétti af tilviljun að ráða ætti tvo menn til starfa í utanríkisráðuneytinu. Hann ákvað að spyrjast fyrir um starf og var byrjaður að vinna þar skömmu síðar og gegndi ýmsum störfum þar á starfsævi sinni. Þar á meðal starfi ráðuneytisstjóra um tíma og sendiherrastörfum. Helgi spilaði lengi körfubolta með KR. Hann var leiðandi í stjórn körfuknattleiksdeildarinnar og er enn virkur í starfi eldri félaganna.

Ég verð alltaf Vesturbæingur og KR-ingur

Ég er fæddur austan Lækjar árið 1941 en leið mín lá fljótt í Vesturbæinn. Ágúst faðir minn var bakari og starfaði í Albýðubrauðgerðinni þegar ég fæddist. Móðir mín lést af barnsförum við fæðingu mína. Við mæðginin vorum sitt í hvorum blóðflokk og líkleg skýring er að þessir tveir blóðflokkar hafi ekki gengið nægilega vel saman og kekkir myndast í blóði móðurinnar en ekki náð til barnsins. Þessi atburður varð til þess að ég var tekinn í fóstur til þeirra heiðurshjóna Guðmundar R. Oddssonar og konu hans Oddfríðar Jóhannesdóttur. Guðmundur hafði misst föður sinn í sjóskaða við Borgarnes 1904 og fór því snemma að vinna. Hann var kominn til starfa í Sveinsbakaríi aðeins 14 ára að aldri. Hann var síðan forstjóri Albýðubrauðgerðarinnar um 1930 eftir Jón Baldvinsson sem var einn af forystumönnum jafnaðarmanna á sinni tíð og tók þá við starfi framkvæmdastjóra Albýðusambands Íslands. Þau bjuggu á Brekkustíg 8 en byggði þriggja hæða hús við Öldugötuna 1954.

Úrvals kennarar við Gagnfræðaskóla Vesturbæjar

Eftir barnaskóla fór ég í Gagnfræðaskóla Vesturbæjar og þegar ég lít til baka til þeirra ára er mér efst í huga hversu góður skóli þetta var. Þar voru afburða kennarar að störfum við skólann. Eiginlega landslið kennarastéttarinnar og lögðu grunn að framtíð margra ungmenna. Á meðal þeirra sem kenndu við skólanna voru Guðni Jónsson magister og skólastjóri sem var faðir Bergs Guðnasonar lögfræðings og afi Guðna Bergssonar knattspyrnumanns. Sagnfræðingarnir Björn Þorsteinsson og Sverrir Kristjánsson kenndu báðir við skólann. Heimir Áskelsson var enskukennari, Haraldur Magnússon kenndi dönsku og Már Ársælsson og Sverrir Arngrímsson kenndu stærðfræði auk Ólafs Magnússonar frá Tungunesi sem varð skólastjóri á meðan ég var í



Myndin er tekin að loknum leik við úrvalslið varnarliðsmanna sumarið 1964. KR tók forystuna strax í upphafi leiks og er 10 mínútur voru tríl leiksloka var staðan 80 – 40 okkur KR-ingum í vil. Robinson sagði þá að hætta „fast break“ og „don’t force the shots“ og „not beat them badly“ svo lokastaðan var 91 – 54 fyrir KR.



Karfan átti hug og hjörtu margra KR-inga þá sem nú.

skólanum. Þegar skólagöngunni í Vesturbænum lauk tók ég inntökupróf í annan bekk Verslunarskólans haustið 1962 og útskrifaðist þaðan vorið 1963. Ég lauk síðan laganámi árið 1970. Ég fann mína heittelskuðu líka á þessum árum. Árið 1963. Hún heitir Hervör Jónasdóttir og er ættuð frá Akureyri. Er fæddur Þorpari eins og þeir voru gjarnan kallaðir sem áttu heima í Glerárhverfinu norðan Glerárinnar á þeim tíma. Ég sótti hana þó ekki norður og heldur ekki austur fyrir Læk. Hún var þá komin suður og við hittumst á Hótel Borg. Jónas faðir hennar var um margt merkilegur maður. Vel lesinn og einstakur ljóðaunnandi. Kunni heilu kvæðabálkana utan að, þekkti Íslendingarsögurnar mjög vel og eins Eddu og svo sinnti hann leik- og sönglistinni nokkuð. Hann starfaði með Leikfélagi Akureyrar og söng með Karlakórnum Geysi á sínum tíma en flutti síðar til Reykjavíkur. Hann lést 89 ára gamall og hafði þá flutt mér Alfadansinn eftir Grím Thomsen fjórum dögum fyrr.

Vann við að byggja Vesturbæjarlaugina

Ég var í sumarvinnu sumrin 1958 og 1959. Í byrjun með haka og skóflu til að grafa fyrir sundlaug Vesturbæjar. Þarna vann ég með ágætum mönnum. Þeirra á meðal voru Sveinn Jónsson, Hörður Felixson, Ásgeir Thoroddsen, Sveinn Björnsson síðar sendiherra og fleiri. Eftir gróftinn urðum við jarnamenn. Störfuðum við jarnabindingar við byggingu Vesturbæjarlaugarinnar. Þar var um mikla vinnu að ræða því mjög miklar jarnalagnir og bindingar voru í steinsteypunni í lauginni. Næstu sumur vann ég í Landsbankanum og var næstum orðinn bankamaður en lífið átti eftir að taka aðra stefnu. Ég vann einnig í versluninni Geysi á Vesturgötunni um jólin. Ég átti alltaf heima í gamla Vesturbænum og vinahópurinn var af þeim slóðum. Jón Otti Ólafsson prentari var með mér í körfunni og ég get einnig nefnt Halldór Sigurðsson er lengi starfaði að



Öflugir KR-ingar í körfunni. Frá vinstri: Kristinn Stefánsson, Jón Otti Ólafsson, Helgi Ágústsson, Gunnar Gunnarsson og Þorvaldur Blöndal. Myndin tekin á sjöunda áratug síðustu aldar.

flugmálum og síðar tryggingamálum og Sigtrygg R. Eypórsson framkvæmdastjóra og frimerkjasafnara en við fjórir héldum lengi hópinn.

Tilviljanir geta haft áhrif

Stundum geta tilviljanir haft áhrif á líf mannfólksins til langframa og það varð í mínu tilviki. Ég átti vísa vinnu í dómsmálaráðuneytinu eftir að hafa lokið prófum í lögfræðinni en áður en að til þess kom hitti ég lögmann og hann sagði mér frá því að Emil Jónsson sem þá var utanríkisráðherra ætlaði að ráða tvo menn til starfa í ráðuneytinu. Ég man vel þann morgun þar sem ég stóð á Lækjartorgi gegnt stjórnarnarráðinu og beið eftir að komast yfir götuna en utanríkisráðuneytið var þá þar til húsa auk forsætisráðuneytisins. Ég ætlaði að kanna hvort ég fengi viðtal við Emil. Það gekk eftir og þremur vikum síðar var ég byrjaður að vinna í utanríkisráðuneytinu sem segja má að hafi verið minn starfsvettvangur síðan bæði hér heima og erlendis. Ég var í Bretlandi á árunum 1973 til 1977 þegar landhelgisdeilan fyrri stóð sem hæst og þorskastríðin voru háð hér á Íslandsmiðum. Ég var síðan sendiherra í Bretlandi á árunum 1989 til 1995 og tók þá við starfi ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu sem ég gegndi til 1999 er ég fór til Danmerkur sem sendiherra til 1992. Þá fórum við öðru sinni vestur um haf og ég gegndi starfi sendiherra í Washington til nóvember ársins 2006 er ég kom heim. Þar starfaði ég sem protokollsstjóri síðustu sex mánuðina í utanríkisþjónustunni en lét af störfum 2008. Eftir það sinnti ég skólastjórarstarfi fyrir Diplómataskólans okkar 2010 og 2011 og fór síðan sjálfur í skóla sem var Ferðamálastaskóli Íslands og hef farið sem leiðsögumaður öðru hvoru. Ég hef einnig fengist nokkuð við að skrifa um kynningarmál útfærsla fiskveiðilögsögu okkar í 50 og síðan í 200 mílur. Þá tók ég þátt í stofnun kvikmyndafélags ásamt fjórum öðrum. Einn þeirra er Magnús Jónsson sem staðið hefur fyrir sögunámskeiðum við Háskóla Íslands en hann er bróðir Sveins Jónssonar fyrrum formanns KR.

KR alltaf öflugt í körfunni

Ég fór snemma að taka þátt í íþróttum í Vesturbænum. Við vorum mikið á gamla Framnesvellingnum sem var þar sem Vesturbæjar-skólinn stendur nú. Ég man sérstaklega eftir tveimur strákum Þórólfi Beck og Dalla dómara. Þeir voru flinkir með boltann og við hinir litum upp til þeirra. Þarna komst ég líka í kynni við körfuboltann sem ég stundaði með KR. Af félögum mínum í körfunni má nefna Halldór Sigurðsson, Einar Bollason, Kolbein Pálsson, Kristinn Stefánsson, Jón Otta Ólafsson, Gunnar Gunnarsson og margir aðrir ágætis menn sem komu þar við sögu. Ég var lengi í stjórn körfubolta-deildar KR og var þarna fastur bæði í leik og starfi. KR hefur alltaf verið öflugt í körfunni. Ég hef einu sinni haldið veglega upp á afmælið mitt og það var í KR heimilinu og þangað mættu vel á fimmta hundrað gestir. Við öttuðumst að salurinn myndi ekki duga og hleypa yrði einhverjum af gestunum út á völlinn en til þess kom þó ekki. Og við þessir gömlu erum enn að styðja við og styrkja körfuna. Nú erum við ásamt fleirum búnir að afla um átta milljóna í styrki til landsliðsins í körfubolta sem er á leið til Berlínar í september næst komandi.



Helgi Ágústsson KR andinn er síður en svo gleymdur. Myndin er tekin í bókasafni Seltjarnarness.

Dawid Zinkoff

Ég var formaður stjórnar KKÍ á árunum 1982 til 1983 en fór þá til starfa í sendiráði Íslands í Bandaríkjunum um tíma. Ég hafði áhuga á að saga kröfuboltans á Íslandi yrði skrifuð. Ég fór því sjálfur að leita að þeim manni sem hafði verið ábyrgur fyrir sporti bandarískra hermanna hér á landi á stríðsárunum og tókst að finna hann. Hann þekkti enn til hér á landi. Hafði oft komið hingað og eitt af því sem hann gerði var að stofna til félagsskapar bandarískra hermanna sem höfðu dvalið hér á árum heimsstyrjaldarinnar sem nefnist „Forgotten Boys of Iceland“ og taldi allt að þrjú þúsund meðlimi þegar mest var. Við höfðum samband eftir að ég kom til starfa ytra og hann fór að bjóða mér á leiki með Philadelphia. Gunnar Gunnarsson skráði síðan eftir Zinkoff sitthvað um körfuboltann hér á stríðsárunum. Ég tel mig hafa lært meira um mannleg samskipti og markmiðasetningu í körfuboltanum en í nokkrum skóla. Starfið þar kenndi mér margt sem síðar kom að góðum notum í störfum mínum fyrir utanríkisþjónustuna.

Alltaf Vesturbæingur og KR-ingur

Þótt ég hafi flutt úr Vesturbænum fyrir nokkru þá er ég enn Vesturbæingur og KR-ingur. Ég verð það alltaf hvar sem ég held til. Ég kem mikið í Vesturbæinn og nýti mér til dæmis bókasafnið á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi og þjónustu fleiri aðila þar eins og efnalaugarinnar. Var einmitt að enda við að skila bókum þar þegar ég kom í þetta spjall við Vesturbæjarblaðið.

Kristín Jóhannesdóttir borgarlistamaður



Kristín Jóhannesdóttir borgarlistamaður tekur við blómvendi úr hendi Dags B. Eggertssonar. Elsa Yeoman formaður menningar- og ferðamálaráðs stendur á milli þeirra.

Kristín Jóhannesdóttir kvikmyndagerðarmaður og leikstjóri er borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2015. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri útnefndi Kristínu borgarlistamann 17. júní sl. Útnefningin er heiðursviðurkenning til listamanns sem með listsköpun sinni hefur skarað fram úr og markað sérstök spor í íslensku listalífi. Elsa Yeoman formaður menningar- og ferðamálaráðs gerði grein fyrir vali ráðsins á borgarlistamanninum við útnefninguna og var listamanninum veittur ágraffinn steinn, heiðursskjál og viðurkenningarfé.

Kristín á farsælan feril sem leikstjóri kvikmynda, sjónvarpsmynda, sviðsverka í leikhúsi og útvarpsleikrita auk þess að vera handritshöfundur og framleiðandi kvikmynda. Hún hefur verið virkur þátttakandi í uppbyggingu kvikmyndasviðs á Íslandi og hefur kvatt sér eftirminnilega hljóðs á liðnum árum til að vekja athygli á skertum hlut kvenna í framlagi til kvikmyndagerðar. Kristín hefur leikstýrt fjölda leikverka við góðan orðstí bæði í Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu, Stúdentalleikhúsinu, Nemendaleikhúsi Leiklistarskólans, Listaháskóla Íslands og fyrir sjálfstæðu leikhúsin. Hún leikstýrði óperunni Tunglskinseyjunni sem frumflutt var

í Peking og sýnd á Stóra sviði Þjóðleikhússins. Kristín hefur leikstýrt fjölda verkefna í útvarpi, annast bæði leikstjórn og handrit stuttmynda, sjónvarpsmynda og myndbanda, skrifað kvikmynda-handrit fjögurra leikinna mynda auk þekktustu kvikmynda hennar í fullri lengd, Á hjara veraldar og Svo á jörðu sem á himni sem hún jafnframt leikstýrði. Sérstakur stíll og listræn nálgun Kristínar hefur jafnan vakið athygli. Næsta verkefni Kristínar er kvikmynd í fullri lengd ALMA sem tekin verður upp í haust og er Kristín bæði handritshöfundur og leikstjóri kvikmyndarinnar.






HÚSAVIÐGERÐIR.IS

Börnin á Grænuborg skreyta Skólavörðustíginn

Þessa dagana er sýning á myndverkum barna af leikskólanum Grænuborg til sýnis á Skólavörðustígnum. Á undanförunum árum hefur jafnan verið efnt til sýninga á neðsta hluta Skólavörðustígs á milli Bergstaðastrætis og Laugavegar en þessi hluti götunnar

er gerður að „Sumargötu“ á sumrin sem merkir að bílaumferð er ekki leyfð um götuna. Myndir barnanna eru af margvíslegum toga en fólk er gjarnan áberandi í myndum barna á leikskólaaldri. Hér má líta nokkar myndanna sem valdar voru af handahófi og sýna þau

form og litbrigði sem búa í barnshuganum. Sjón er sögu ríkari. Það er gaman að ganga um Skólavörðustíginn og virða barnateikningarnar fyrir sér.



Matur og vín:

Í sumar grillum við! Grillréttirnir frá Hafinu eru frábærir á grillið og fátt ljúfara en góðar stundir á sólpallinum með góðan fiskrétt á grillinu og njóta þess að sötra rétta hvítvínið með matnum eða bara eitt og sér. Hafið fiskverslun er sérverslun með hágæða fiskafurðir og meðlæti fyrir kröfuharða neytendur. Fiskborðin eru þéttsetin af landsins mesta úrvali af tilbúnum fiskréttum til að ofnbaka, steikja eða grilla sem gerir viðskiptavinum kleift að elda dýrindis máltið á nokkrum mínutum án nokkurar fyrirhafnar.

Grillréttur mánaðarins er frá Fiskbúðinni Hafinu, sem er staðsett á tveimur stöðum Hlíðasmára 8, Kópavogi og Spönginni 13, Rvk.



Langa í sítrónu og kóríander

Þessi réttur er tilbúinn í steiknum beini á grillið og er algjör sumarsæla



Við mælum með eftirlifrandi víni við þennan rétt:

Matua Sauvignon Blanc
- Nýja Sjáland - 2.299 kr.
Fólstrónugull.
Meðalþýling, ósatt, larsk syra.
Sítrus, stíksber, passjón.

Montalto Pinot Grigio
- Sikiley - 1.599 kr.
Fóltrónugull.
Lætt meðalþýling, ósatt, larsk syra.
Pera, sítrus, hunangsmeðlona, blóm.

KR á toppnum

KR vann FH í stórleik fyrstu deildarinnar og fór á toppinn. KR komst í efsta sæti úrvalsdeildar karla í knattspyrnu með sigri á FH 3-1 í Kaplakríka í tólfðu umferð deildarinnar á dögnum. KR er efst í deildinni með 26 stig en FH í öðru sætinu með 24 stig.

FH-ingar voru mun sterkari í fyrri hálfleiknum og komust yfir með marki frá Emil Pálssyni eftir rétt rúmar tíu mínútur. Hólmbert Aron Friðbjörgsson jafnaði fyrir KR með marki úr vítaspyrnu snemma í síðari hálfleiknum og tveimur mínútum síðar kom Gary Martin gestunum í 2-1. Óskar Örn Hauksson bætti svo við þriðja markinu áður en yfir lauk og 3-1 sigur KR niðurstaðan.



Það var oft heitt í kolunum í leiknum.

Dagbjört Dögg í U 16

Dagbjört Dögg Karlsdóttir úr KR var með í U16 ára landsliðinu í körfubolta sem hélt til keppni í Andorra á dögnum.

U16 ára landslið kvenna fór til Andorra á sunnudag til að keppa í Evrópukeppni í C-deild. KR-ingar eiga því sinn fulltrúa í liðinu en fyrstu leikir Íslands voru 20. og 21. júlí á móti Möltu og Andorra.



Dagbjört Dögg Karlsdóttir.

KR vann flesta Íslandsmeistaratitla í borðtennis 2014-2015

KR vann flesta Íslandsmeistaratitla í borðtennis allra félaga keppnistímabilið 2014-2015, 21 talsins. Næstir komu Víkingar með 18,5 titil. KR vann langflesta titla í unglingsflokkum, 14,5 talsins, 4,5 í flokki fullorðinna og 2 í öðlingaflokkum. Í fyrsta skipti í mörg ár vann KR flesta titla allra félaga í meistaraflokkum, 3,5 af 7 titlum. Alls var keppt var um 49 Íslandsmeistaratitla 2014-2015.

Flesta Íslandsmeistaratitla borðtennismanna vann Sigrún Ebba Tómasdóttir úr KR, 6 talsins. Pétur Gunnarsson úr KR, vann 4 titla, eins og Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir úr HK. Sigrún og Pétur unnu ferfald í sínum unglingsflokkum. Auk þess vann Sigrún sigur í tvíliðaleik kvenna og var í sigurliði KR í 1. deild kvenna.

KR átti líka flesta keppendur allra félaga á borðtennismótum á keppnistímabilinu, 68 talsins.



Næst komu Dímon og Víkingur með 43 keppendur, hvort félag.

Myndina af Sigrúnu Ebbu tók Finnur Hrafn Jónsson á EM unglunga 2013.



www.kr.is



KR-SÍÐAN



Áfram saman í körfunni

Pavel Ermolinskij, Darri Hilmarsson og Brynjar Þór Björnsson hafa skrifað undir nýja tveggja ára samninga við Íslands- og deildarmeistara KR í körfuknattleik. Þá er Snorri Hrafnkelsson búinn að kvitta undir samning sinn við félagið en hann kemur til KR úr röðum Njarðvíkinga.

Böðvar Guðjónsson varaformaður KKD KR segir samningana

vera fagnaðarefni því kjarni Íslandsmeistara KR undanfarinna tveggja ára sé saman til næstu tveggja ára og eflaust lengur því Helgi Már Magnússon er á sínu öðru ári á samningi við félagið. Mikil tilhlökkun er innan herbúða KR fyrir komandi tímabili og reikna má með að Mike Craion verði einnig með liðinu á næsta tímabili.



Sigurreifir KR-ingar í körfunni.



GETRAUNANÚMER
KR ER 107



Raуда ljonid
síðan 1989

HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eða
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur



Gólfdukur skynsamleg, smekkleig og hagkvæm lausn



Eldhúsið hjarta heimilisins



Svefnherbergið þægilegt andrúmsloft



Forstofan einfaldara verður það ekki



Stofan alltaf jafn heimilislegt



Baðherbergið hlýtt og mjúkt undir fæti

Heimilisdukur, sígild lausn:

-léttur í þrífum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval -fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með gólfdukur og teppi

KJARAN

SÍÐUMULA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

GOTT Á GRILLIÐ



LAMBA LÆRISSNEIÐAR

Bragð: Mild paprika, chili og hvítlaukur

Grilltími: 4-5 mínútur á hvorri hlið

Tillaga að meðlæti: Ferskt salat, bökuð kartafla og piparsósa

Verði ykkur að góðu!



-alltaf góður